

AUGLÝSING

um fullgildingu alþjóðasamnings um verndun fiskimiða í norð-vestur Atlantshafi.

26

9. marz

Hinn 9. febrúar 1950 var utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna afhent fullgildingarskjal, undirritað af forseta Íslands, varðandi alþjóðasamning um verndun fiskimiða í norð-vestur Atlantshafi. (International Convention for the Northwest Atlantic Fisheries). Samningur þessi var undirritaður fyrir Íslands hönd í Washington hinn 8. febrúar 1949.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 9. marz 1950.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

AUGLÝSING

um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

27

14. marz

Eftir tillögu forsætisráðherra og samkvæmt 15. og 17. gr. stjórnarskrárinnar hefur forseti Íslands í dag sett eftirfarandi ákvæði um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.:

- I. Forsætisráðherra, Steingrímur Steinþórsson. Undir hann heyra eftirgreind mál: Stjórnarskráin, Alþingi, nema að því leyti sem öðruvísi er ákveðið, almenn ákvæði um framkvæmdastjórn ríkisins, skipun ráðherra og lausn, forsæti ráðuneytisins, skipting starfa ráðherranna, mál, sem varða stjórnarráðið í heild, hin íslenska fálkaorða og önnur heiðursmerki, Þingvallanefnd og mál varðandi meðferð Þingvalla, ríkisprensmiðjan Gutenberg og ríkisbúið á Bessastöðum. Félagsmál, þar undir alþýðutryggingar, atvinnubætur, vinnudeilur, sveitarstjórnar- og framfærslumál. Félagsdómur. Almenn styrktarstarfsemi, þar undir styrkveitingar til berkla sjúklinga og annarra sjúklinga, sem haldnir eru langvinnum sjúkdómum, sjúkrasjóðir, ellistyrktarsjóðir, öryrkjasjóðir, slysatryggingasjóðir, lífsábyrgðarsjóðir og aðrir tryggingasjóðir, þar með talið Brunabótafélag Íslands, nema sérstaklega séu undan teknir. Byggingafélög. Enn fremur heilbrigðismál, þar á meðal sjúkrahús og heilsuhæli.
- II. Ráðherra Bjarni Benediktsson. Undir hann heyrir dómaskipun, dómsmál, önnur en félagsdómur, þar undir framkvæmd refsidóma, hegninga- og fangahús, tilögur um náðun, veiting réttarfarslegra leyfisbréfa, málflutningsmenn, lögreglumálefni, þ. á m. gæzla landhelginnar, áfengismál, strandmál, sífjaréttarmál, erfðaréttarmál, persónuréttarmál, eignaréttarmál, yfirfjárráðamál, lög um kosningar til Alþingis og kjördæmaskipting, umsjón með framkvæmd alþingiskosninga, ríkisborgararéttur, útgáfa Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs, húsameistari ríkisins, verzlunarmál, sem ekki eru í úrskurði þessum falin öðrum ráðherrum, þar undir verzlunarskólar. Enn fremur utanríkismál.